Sunnudaginn 10. maí 1936 var aðal-
fundur Hestamannafjel. „Glaður"
haldinn að Nesodda. Mættir voru
12 fjelagsmenn.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Formaður setti fundinn og las fundargjörð
síðasta fundar
2. Lesinn reikningur fjelagsins fyrir síðastliðið
ár og samþykktur með öllum greiddum atkv.
3. Rætt um fyrirkomulag með folann (Glað),
samþykkt að koma honum fyrir hjá
Baldvin í Hundadal júnímánuð n. k. gegn
25 kr. gjaldi og 50 kg. af haframjöli og 25 kg. af rúgmj.
síðan verði hann á Austurárdal með sama
fyrirkomulagi og áður.
4. Kosin stjórn fjelagsins, kosnir voru sömu
menn í aðalstjórn og varastjórn.
Endurskoðendur voru kosnir Guðfinnur Sigurðss.
og Gísli Þorsteinsson, til vara Pálmi Jónasson
og Pétur Sveinsson.

5. Samþykkt at halda kappreiðar á yfirstandandi sumri, kappreiðadagur ákvetinn 5. júlí
Fern verðlaun skyldu veitt á skeiði og stökki:
Kr. 50.-, kr. 30.-, kr. 20.- og kr. 10.- Flokksverðlaun kr. 5.-
Folaverðlaun þrenn, kr. 15.-, kr. 10.- og kr. 5.-

6. Kosnir voru til at sjá um veitingar á skemtuninni þeir Gísli Þorsteinsson, Baldvin Sumarliðason og Bergjón Kristjánsson, var nefndinni heimilat at selja veitingaleyfið fyrir frá kr. 50.00 - kr. 100.00 ef einhverjir einstaklingar vildu taka þat at sjer.

7. Kosnir í merkjasölunefnd þeir: Sumarliði Kristjánss., Pálmi Jónasson, Pétur Sveinsson, Hjálmtýr Jóhannsson, Ágúst Benediktsson og Jón Eyjólfsson.

8. Kosnir til at sjá um dansinn þeir Friðfinnur Sigurðsson, Oddur Eysteinsson, Grímur Jónsson og Ágúst Benediktsson.

9. Kosinn til at selja merki at dansinum Flosi Jónsson

10. Kosnir í dómnefnd þeir: Stefán Guðnason Læknir, séra Ásgeir Ásgeirsson og Hjörtur Ögmundsson.
Ræsir kosinn Gísli Þorsteinsson.

11. Kosnir til at gjøra við skeiðvøllin vóru: Gísli Þorsteinsson og Baldvin Sumarliðason. Eimfr. var samþykt að kaupa vallarn þann af sýslumanni sem verið hefir við vøllin undanfarin ár.

12. Samþykt að veita nokkrum fje frá fjelaginu til skemtiferðar fyrir fjelagsmenn á yfirstandandi sumri.

Upplesið. Samþykt. Fundi slitið.

Magnús Guðmundsson (formaður)

Sumarliði Jónsson (fundarritari)